



Kortavelta Íslendinga innanlands jókst í september

Kortavelta Íslendinga var talsverð í september og jókst um 7% milli ára að raunvirði. Fjölgun veirusmita virðist ekki hafa haft mikil áhrif á neysluvenjur fólks í mánuðinum.

Seðlabanki Íslands birti fyrr í vikunni gögn um veltu innlendra greiðslukorta í september.¹ Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 69 mö.kr. og jókst um 7% milli ára miðað við fast verðlag. Þetta er nokkur meiri aukning en mældist í ágúst þegar veltan jókst um 2%, sem var minni aukning en mældist á fyrri mánuðum sumars.


Önnur bylgja Covid-19-faraldursins virðist því hafa haft einhver áhrif á neysluvenjur ágústmánaðar, en þau áhrif svo fjarað út þegar leið á september, þrátt fyrir talsverða fjölgun smita þegar leið á mánuðinn.

Neysla erlendis áfram minni

Síðan í maí, þegar fyrsta bylgja faraldursins var að líða undir lok, hefur mælst stöðug aukning á kortaveltu Íslendinga innanlands samanborið við sama mánuð í fyrra, enda lítið um utanlandsferðir og margir að bæta upp neyslu erlendis með aukinni neyslu innanlands. Greiðslukortavelta Íslendinga erlendis nam tæpum 9 mö. kr. í september, sem er samdráttur upp á 53% milli ára. Samanlagt dróst kortavelta Íslendinga saman um tæp 7% milli ára í september miðað við fast verðlag og gengi.


Sé lítið til uppsafnaðar kortaveltu frá áramótum sést að Íslendingar hafa nú eytt 55 milljörðum minna (7,3%) í ár en í fyrra miðað við fast verðlag og gengi. Það er því ljóst að Covid-19-faraldurinn og þær efnahagsþrengingar sem honum fylgja hafa haft mikil áhrif á neyslu fólks. Sé lítið til samsetningar neyslunnar má sjá að kortavelta innanlands hefur aukist um 3% milli ára og kortavelta erlendis dregist saman um 44% að raunvirði.

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Uppsöfnun kortavelta frá áramótum



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis á föstu verðlagi september mánaðar 2020. Kortavelta erlendis á föstu gengi septembermánaðar 2020. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er lítið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er lítið til allrar kortanotkunar.




Minni samdráttur á þriðja ársfjórðungi en öðrum

Kortavelta í heild dróst saman um 5% milli ára á þriðja ársfjórðungi, sem er heldur minni samdráttur en mældist á öðrum ársfjórðungi þegar veltan dróst saman um 12%. Líkt og á öðrum ársfjórðungi er samdrátturinn alfarið drifinn af minni neyslu erlendis frá sem nemur nú 11 prósentustigum til frádráttar. Kortavelta innanlands jókst um 7% milli ára og hefur vöxtur í innlendri neyslu Íslendinga ekki verið meiri síðan á þriðja ársfjórðungi 2017.

Sóttvarnaraðgerðir voru hertar verulega í byrjun október, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, og er líklegt að þess sjáist merki í kortaveltu októbermánaðar, líkt og í fyrstu bylgju faraldursins. Hversu sterk áhrifin verða og hversu lengi þau vara, á þó eftir að koma í ljós og fer eftir því hversu mikið fólk breytir neysluhegðun sinni.

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.